

Alþingi - Nefndasvið  
B.t. atvinnuveganefndar  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði  
S: 569 7900 F: 569 7990  
fiskistofa@fiskistofa.is  
www.fiskistofa.is

Akureyri, 04.01.2015

Tilv. 0021/2015 - 0.2.1

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla (útvíkkun skilgreiningar), 385. mál.

Vísað er til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis 14. desember sl., þar sem atvinnuveganefnd sendi Fiskistofu frumvarp til laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla til umsagnar, en með frumvarpinu er lögð til útvíkkun skilgreiningar á ólögmætum sjávarafla.

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu segir, að markmið þeirra sé, að ekki sé fjárhagslegur hvati til að veiða umfram lögbundinn hámarksafla eða fram hjá öðrum fiskveiðistjórnareglum og þar með vinna gegn sjálfbærri nýtingu lifandi auðlinda hafsins, og að hugmyndafræðin byggist á því, að enginn öðlist rétt yfir ólögmætum sjávarafla og verði betur settur fjárhagslega eftir brotið. Þannig er ólögmætur sjávarafli gerður upptækur með því að leggja sérstakt gjald á hann, sem nemur andvirði aflans. Gjaldið skal lagt á án tillits til refsínæmis verknáðar og hefur ekki áhrif á önnur viðurlög vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfni.

Enn fremur segir í athugasemdunum, að í gildandi lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla skorti samræmi í því, hvenær lagt sé á sérstakt gjald vegna afla, sem fenginn er án veiðiheimilda eða andstætt friðunarreglum, en í skilgreiningu á ólögmætum sjávarafla í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992 er hann skilgreindur sem sá sjávarafli, sem veiddur er umfram aflamark eða án tilskilinna veiðileyfa samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, svo og sá afli, sem fellur undir 2. mgr. 7. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Þá segir, að ekki séu haldbær rök fyrir því að afmarka hugtakið svo þröngt og því lagt til, að það verði útvíkkað þannig, að allur afli, sem veiddur er án aflamarks, án veiðiheimilda eða andstætt friðunarreglum falli þar undir. Þannig er með frumvarpinu lagt til, að skilgreiningin í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992 verði einnig látin taka til afla, sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi, sem fenginn er utan leyfilegra veiðidaga, sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum, sem fenginn er á svæði, þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar og sem ekki nær þeirri lágmarksstærð, sem kveðið er á um í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða sérstökum veiðileyfum.

Fiskistofa gerir athugasemdir við síðastnefnda atriðið, þ.e. að útvíkkun skilgreiningar á ólögmætum sjávarafla skuli ná til þess afla, sem ekki nær þeirri lágmarksstærð, sem kveðið er á um í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða sérstökum veiðileyfum, en tillögu í þessa veru má

finna í 1. gr. frumvarpsins, sbr. f. lið ákvæðisins. Í athugasemdum við þennan lið er vísað til þess í frumvarpinu, að þar sé átt við „afla sem er undir stærðarmörkum þeim sem sett eru til verndar ungfiski, svokallað undirmál.“

Fiskistofa vísar til þess, að á árinu 2002 var lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar breytt þannig, að í 2. mgr. 2. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 13/2002, segir nú, að skylt sé að hirða og landa öllum afla, sem komi í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra geti síðan ákveðið með reglugerð, að sleppa skuli lifandi afla undir tiltekinni lengd eða þyngd eða sem fáist í ákvæðin veiðarfæri, auk þess sem ráðherra geti ákveðið með reglugerð, að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því, sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum. Þá hefur ráðherra sett reglugerð að þessu lútandi nr. 468/2013 um nýtingu afla og aukaafurða, en þar er áréttað í 1. gr., að skylt sé að hirða og landa öllum afla, sem komi í veiðarfæri í íslenskri lögsögu, með þeim undantekningum, sem taldar eru upp í reglugerðinni.

Með breytingum á ákvæði 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996 var stefnt að því að auðvelda eftirlit með brottkasti afla og stefnt að því, að öllum afla skyldi landað, sem veiddist, sbr. umfjöllun í athugasemdum, sem fylgdu frumvarpi því, sem varð að lögum nr. 13/2002. Þegar skylda til að landa öllum afla, sem veiðist, hvílir á herðum útgerða, blasir við, að einhver hluti aflans kann að reynast undir ákveðnum lengdar- eða þyngdarmörkum, svo kallað undirmál, en reglur um undirmálsafla er að finna í reglugerð nr. 600/2015 um veiðar í atvinnuskyni. Þar segir í 9. gr., að undirmálsafla skuli aðeins teljast að hálfu til aflamarks. Hefur með því verið reynt að stuðla að því, að undirmálsafla sé frekar landað en að honum sé kastað.

Sú breyting, sem lögð er til í f. lið 1. gr. frumvarpsins stríðir gegn þessari hugmynd og meginrökunum að baki ákvæðum laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, og telur Fiskistofa það orka tvímælis að hvetja á aðra höndina til löndunar alls sjávarafra, þ.m.t. undirmálsafla, en á hina höndina gera hann að ólögsmætum sjávarafra, sem greiða þarf gjald fyrir eða sem sætt getur upptöku. Sé hins vegar hugmyndin sú, að gjaldið einskorðist við undirmálsafla, sem er umfram 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð, og þá í samræmi við rökin að baki 1. másl. 6. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 600/2015, eða hvort það eigi einkum við um þær stærðir einstakra tegunda sjávarafra, svo sem ákveðinna lin-, skráp- og krabbadýra, þar sem lagt er bann við veiðum eða löndun á ákveðnum tegundum undir ákveðnum stærðarmörkum í reglugerð, þá skortir frekari skýrleika, hvað þetta atriði frumvarpsins varðar.

Að sama skapi kann að skorta nægilega skýringu á því, hvernig meðhöndla skal sjávarafra, sem veiðist sem meðafla, en kann að stríða gegn fyrirhuguðum ákvæðum b.-e. liðar 1. gr. frumvarpsins. Hvað a. liðinn varðar, kann að vera heppilegt að gefa upp við hvaða tímamark er miðað, að sjávarafli teljist ólögsmætur, enda hefur útgerðum lengi verið heimilt að leiðrétta stöðu aflaheimilda sinna, ef veitt er umfram heimildir, innan ákveðinna tímamarka, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57/1996, en þá skortir hér nákvæmari skýringu á því, hvort ólögsmætur sjávarafli yrði aðeins talinn sá afli, sem stæði umfram heimildir að þeim tíma liðnum eða ekki.

F. h. Fiskistofu



Hrannar Hafberg  
yfirlögfræðingur

